



www.hjolafaerni.is

Bláfjallaævintýrin 2010

Lokaskýrsla

Sesselja Traustadóttir

hjolafaerni@lhm.is



Hjólafærni á Íslandi

Reykjavík, 10. Ágúst 2010

Myndir: www.kerlyilves.com

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Samantekt	2
2. Hjólafærni á Íslandi	3
3. Helstu samstarfsaðilar	4
SEEDS á Íslandi	4
Breiðablik – skálinn í Bláfjöllum	4
Skógrækt Reykjavíkur	4
Aðrir sem studdu verkefnið	4
4. Kynning og samvinna við grunnskóla	5
5. Útkoma	6
6. Fjármögnunaráætlanir Bláfjallaævintýranna, heildaruppgjör	7
7. Bláfjallaævintýrin - horft til framtíðar	8
8. Heimasíður og fylgiskjöl	8



1. Samantekt

Hjólafærni á Íslandi ákvað að bjóða öllum grunnskólum á Höfuðborgarsvæðinu að fara fyrir nemendum af unglingastigi í hjólaferð í Bláfjöll vorið 2010. Samvinnan við sjálfbóðaliðasamtökin SEEDS á Íslandi skipti mestu við framkvæmd verkefnisins. Tenging þessara aðila um Bláfjallaævintýrið varð til eftir Umhverfisþing Umhverfisráðuneytisins á haustdögum 2009.

Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar voru Bergþór Kárason hjá Breiðablik, sem fór fyrir skálanum í Bláfjöllum þar sem við gistum, Þóra Tómasdóttir kennari við Waldorfskólann í Lækjarbotnum. Hún sá um að elda hádegismat fyrir alla á leiðinni í Bláfjöllin. Þá var og þakklát samvinna við Skógrækt Reykjavíkur í Heiðmörk, sem bauð upp á heitt kakó fyrir alla í Elliðavatnsbænum og bauð okkur um leið velkomin að hjóla á stígnum í gegnum Heiðmörkina.

Hafnarfjarðarbær var svo elskulegur að lofa okkur aðgang að kennslustofu bæjarins við Hvaleyrarvatn en ferðaplön allra hópanna var breytt svo að leiðin lá aldrei um Hvaleyrarvatn.

Verkefnið hlaut styrk frá Orkusjóði, Velferðarsjóð Barna og Velferðarsjóð Reykjavíkur. Myllan gaf allt brauð, Osta- og smjörsalan gaf 30% afslátt af hráefni og Stórkaup bauð 15% afslátt af matarverði. Hjólaleiga Kríunnar gaf góðan afslátt af hjólaleigu, Fjölur Björgvinsson lánaði hjólakerru og verkefnastýra lagði til bíl í trússið.

Markmiðið með ferðunum var að opna augu nemenda fyrir eigin getu og orku til þess að kanna sitt nærumhverfi og uppgötva fegurðina sem býr í bæjarhlaði borgarinnar. Ferðin var ákveðin svo ódýr að skólar gætu jafnvel boðið nemendum frítt í ferðirnar. Þær áttu að verða jákvæðar - svolítið erfiðar – en ánægjulegar til upplunar.

Í upphafi voru boðnar 10 ferðir. Um tíma var bókað í 6 ferðir en að lokum voru aðeins farnar 4 ferðir með nemendum úr 5 skólum, frá 20. maí – 4. júní. Alls var tekið frá pláss fyrir 800 nemendur en þeir urðu í allt rétt um 170. Minnsti hópurinn var 18 manna en sá fjölmennasti vel um 60 manns. Fyrir hverja 20 nemendur, var skólum gert að leggja til einn starfsmann.

Hjólafærni og SEEDS sá um leiðsögn, farangursflutning, innkaup, eldun á kvöldmat, snarl milli mála, morgunmat og nesti sem nemendur smurðu sjálfir fyrir heimferðina. Auk þessa heimsótti hjólakennari Hjólafærni nemendur í skólana til að undirbúa þá fyrir ferðirnar, oft með sjálfbóðaliðum frá SEEDS.

Skólarnir fengu senda til sín gátlista í byrjun apríl til þess að senda nemendur með heim til þess að geta yfirfarið eigin reiðhjól. Rík áhersla var lögð á samvinnu heimila og skóla. Skólarnir voru heimsóttir tímanlega fyrir brottför í 80 mín. þar sem farið var yfir ferðabúnaðinn, pökkun, ástanda hjólanna og það að hjóla í hóp. Skólarnir voru hvattir til þess að fara í stuttar hjólaferðir með sína nemendur og fengu vegna þessa sent 6 vikna þjálfunar/hvattningarplan um miðjan apríl.

Hjólaferðinni í Bláfjöll var ætlaður 7 – 8 klukkustunda ferðatími með áningum og rólegri yfirferð. Veðrið setti stórt strik í 3 af þeim 4 ferðum sem farnar voru. Þá breyttist farangursflutningabíllinn óvænt í farþegaflutningabíl, stundum yfirhlaðinn. Gríðarlegur tilflutningur varð á hjólum með hjólakerrunni.

Fyrir mörgum varð ferðin í Bláfjöll afskaplega erfið. Ein móðir skrifaði langt og ítarlegt kvörtunarbréf vegna þess hvernig fór fyrir dóttur hennar í ferðinni. Allir komust þó að lokum til sinna heima og voru hetjudáðir ótaldar að hálfu fjölmargra nemenda og starfsmanna.

En í rauninni var skipulögð of löng og of erfið dagleið fyrir allmarga þá nemendur og kennara sem tóku þátt í ferðunum. Styttari dagleiðir, fleiri stopp og meiri leikur, eru líklega betur til þess fallin að örva jákvæða hugmyndir ungra Íslendinga um eigið ágæti í hjólaferðum.

Því væri aðgangur að öðrum skálum, nær byggð, væntanlega betur til þess fallnir að halda áfram ævintýrinu. T.d. Lækjarbotnar, Silungapollur og Kaldársel. Það er ótrúlega gefandi og flott að sjá ungmennin gera sig klár á eigin ökutækjum og stíga af stað í ferðalag fyrir eigin orku.

2. Hjólaferni á Íslandi

Hjólaferni á Íslandi sérhæfir sig í að veita reiðhjólategnda þjónustu við allra hæfi. Kennsla, fyrirlestrar, ráðgjöf, fararstjórn, skipulag, hugmyndir og leikir. Á meðal verkefna má nefna Bláfjallaævintýri vorsins 2010, fyrirlestrar og kennsla um samgönguhjólreiðar. Hjóladagar með Dr. BÆK eru vinsælir þar sem við skipuleggjum og setjum upp stöðvar fyrir hjálma, hjólahreinsun, leiki, þrautir og hjólaskoðun. Gefum út ástandsvottun og skoðunarmiða. Dr. BÆK er oft beðinn að koma og vera með skoðun á vordögum foreldrafélaga og skóla. Hann kennir líka almenna umhirðu við hjólið, hvað auðvelt er að gera sjálf/ur og beinir hjólaeigendum á verkstæði með hjólin þegar það á við.

Hjólaferni og leikni hefur verið kennd í Álftamýrarskóla og Fossvogsskóla. Meðal annars hafa nemendur fengið leiðsögn um ábyrgð og ánægju þá sem fylgir hjólreiðum og lært léttar hjólaviðgerðir eins og að gera við sprungið dekk.

Áhersla Hjólaferni hefur frá upphafi verið að efla samgönguhjólreiðar. Í þéttbýli á Íslandi eru umferðarmannvirki helmingur alls þess sem þar er byggt. Það þýðir nóg pláss fyrir alla úti á götu. Samgönguhjólreiðar hæfa þauvönnum öikumönnum sem vilja nýta þekkingu sína og njóta til fullnustu á ökutækini reiðhjóli þeirra umferðarmannvirka sem þegar standa.

Þetta er inntak þeirrar hugsunar sem John Franklin fræddi Íslendinga um á fyrirlestrum sínum á Samgönguviku 2007. Það voru Landssamtök hjólreiðamanna með styrk frá Pokasjóði sem buðu Franklin til landsins.

Í maí 2008 kom Veronika Pollard til landsins og kenndi 6 íslenskum hjólreiðamönnum tækni Hjólaferni og samgönguhjólreiða. Í framhaldinu var unnið þróunarverkefni í Álftamýrarskóla veturinn 2008 til 2009 þar sem öllum nemendum í 4. til 7. bekk var boðin þátttaka í inngangsnámi að samgönguhjólreiðum sem er 1. og 2. stig Hjólaferni.

Könnun á meðal foreldra leiddi í ljós gríðarlega ánægju með þetta námsframboð. Hugmyndin um samtal um hjólið og betri samvinnu í umferðinni réð þar mestu.

Frá 1. Ágúst 2010 er í fyrsta sinn kominn starfsmaður í fast 50% starf hjá Hjólaferni til þess að sinna þeim ótal verkefnum sem biða þeirra er vilja framgang hjólreiða á Íslandi sem mestan og bestan.

Á meðal verkefna sem Hjólaferni vinnur að er Hjólaðu hringinn! sem beinist að því að finna skemmtilegar hjólaleiðir í heimahéruðum um allt land og merkja á kort til eflingar hjólatengdrar ferðaþjónustu innanlands. Áfram verður kennsla í hjólaeflingu í Fossvogsskóla fyrir nemendur í 6. og 7. bekk. Fossvogsskóli er einmitt sá skóli í Reykjavík sem státar af flestum nemendum sem koma á hjóli í skólann.

Hjólaferni á Íslandi hefur árið 2010 notið styrkja og viðurkenningar frá Orkusjóði, Lýðheilsustöð, Umhverfisráðuneytinu, Forvarnarsjóði Barna, Forvarnarsjóði Reykjavíkur og Heimili og skóla.

Hjólaferni á Íslandi á og rekur heimasíðuna www.hjolafærni.is.



3. Helstu samstarfsaðilar

SEEDS á Íslandi

SEEDS leitast við að stuðla að mismunandi menningu, sameiginlegum skilningi og verndun umhverfisins með starfsemi sem hjálpar fólki á öllum aldri með mismunandi menningarlegan bakgrunn að taka virkan þátt í að byggja upp skoðanir og taka afstöðu í framtíðar uppbyggingu heimsins með hliðsjón af friði, umburðarlyndi og menningarlegri þekkingu.

Seeds, SEE beyonD borderS, býður upp á möguleika og tækifæri til að búa, læra, upplifa, skiptast á, rannsaka og vinna saman með öðru fólki.

Í allt komu 8 sjálfboðaliðar og starfsmenn SEEDS að Bláfjallaævintýrunum 2010 með ómældu vinnuframlagi og stuðning.

Breiðablik – skálinn í Bláfjöllum

Skíðadeild Breiðabliks á og rekur hina miklu 703ja fermetra skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum. Bergþór Kárason, starfsmaður Breiðablik í skálanum, var frá fyrsta degi einkar hvetjandi til þess að Bláfjallaævintýrin 2010 gætu orðið.

Skíðadadeild Breiðabliks er ein af öflugustu skíðadeildum landsins og var fyrst allra félaga/deilda á höfuðborgarsvæðinu til að fá viðurkenninguna: Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Til að öðlast þessa gæðaviðurkenningu þurfti deildin að uppfylla ströng skilyrði, m.a. um skýr iþróttaleg og félagsleg markmið, starf með þjálfurum, jafnréttismál, fræðslu og forvarnamál og gott foreldrastarf.

Alls var gist 4 nætur í skála Breiðabliks og greitt fyrir 190 gistingar á einstökum sérkjörum.

Skógrækt Reykjavíkur

Skógræktarfélag Reykjavíkur er sjálfstætt starfandi áhugamannafélag um skógrækt í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að efla skógrækt og skógræktaráhuga í Reykjavík. Skógræktarfélag Reykjavíkur er eitt af 59 skógræktarfélögum í landinu sem starfar innan vébanda Skógræktarfélags Íslands.

Starfssemi Skógræktarfélags Reykjavíkur er fjölbreytt, en aðal viðfangsefni félagsins er umsjón Heiðmerkur. Önnur svæði sem félagið sér um eru Esjuhlíðar og Reynivellir í Kjós. Í Heiðmörk eru verkefni óteljandi en umhirða svæðisins, gróðursetning trjáa, grisjun skóga og lagning nýrra göngustíga er ærinn starfi allt árið um kring. Félagið leggur einnig ríka áherslu á fræðslu fyrir almenning og leik- og grunnskólanema.

Skógrækt Reykjavíkur tók á móti öllum þátttakendum Bláfjallaævintýranna 2010 og bauð þeim upp á heitt súkkulaði.

Aðrir sem studdu verkefnið

Verkefnið hlaut 700.000 kr. styrk frá Orkusjóði, 300.000 kr. styrk frá Velferðarsjóði Barna, sem var veittur til að greiða niður gistingu og kom til lækkunar á þátttökugjaldi nemenda og 200.000 kr. styrk frá Velferðarsjóð Reykjavíkur, sem var ætlað til að greiða hjólaleigu fyrir þá nemendur sem áttu ekki hjól og þurftu stuðning til þess að geta hjólað með í ferðina.

Bakaríið Myllan gaf allt brauð í ferðina, Osta- og smjörsalan gaf 30% afslátt af hráefni og Stórkaup bauð 15% afslátt af matarverði. Hjólaleiga Kríunnar gaf góðan afslátt af hjólaleigu, Fjölur Björgvinsson lánaði hjólakerru endurgjaldslaust og verkefnastýra Hjólafærni lagði til bíl í farangursflutninginn.

Hafnarfjarðarbær var svo elskulegur að lofa okkur aðgang að kennslustofu bæjarins við Hvaleyrarvatn en ferðaplön allra hópanna var breytt svo að leiðin lá aldrei um Hvaleyrarvatn.

4. Kynning og samvinna við grunnskóla

Fyrsta opinbera kynningin á Bláfjallaævintýrinu fór fram á kynningu á Hjólaferðinni á fundinum Brot af því besta hjá Menntasviði Reykjavíkur í nóvember 2009. Fljótlega eftir áramót 2010 var sendur fjöldapóstur til allra skólastjóra í Reykjavík í gegnum póstkerfi Menntasviðs, með kynningu á Bláfjallaævintýrunum. Einnig fór sami póstur á alla grunnskóla í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi og í Mosfellsbæ.

Nokkrir skólar úr Reykjavík höfðu fljótt samband; Sæmundarskóli, Engjaskóli, Hvassaleitisskóli, Landakotsskóli, Víkurskóli og Norðlingaskóli. Sá síðastnefndi býr að mikilli reynslu af hjólaferðum og sömdum við um að setja upp hjólaverkstæði með nemendaleiðsögn heilan morgun í apríl, til þess að ástandsskoða og yfirfara hjól nemenda fyrir ferðina.



Markmiðið með ferðunum var að opna augu nemenda fyrir eigin getu og orku til þess að kanna sitt nærumhverfi og uppgötva fegurðina sem býr í bæjarhlaði borgarinnar. Ferðin var ákveðin svo ódýr að skólar gætu jafnvel ákveðið að bjóða nemendum frítt í ferðirnar. Þær áttu að verða jákvæðar - svölitið erfiðar – en ánægjulegar til upplifunar.

Í upphafi voru boðnar 10 ferðir. Um tíma var bókað í 6 ferðir en að lokum voru aðeins farnar 4 ferðir með nemendum úr 5 skólum, frá 20. maí – 4. júní. Alls var tekið frá pláss fyrir 800 nemendur en þeir urðu í allt rétt um 170. Minnsti hópurinn var 18 manna en sá fjölmennasti vel um 60 manns. Fyrir hverja 20 nemendur, var skólum gert að leggja til einn starfsmann.

Við upphaflegu kynninguna láðist að setja inn nokkur atriði. Ber þar helst að nefna a) bókunum lýkur á ákveðnum degi,

b) staðfestingargjald. Tveir þeirra skóla sem áður bókuðu í ferð, hættu við þátttöku. Allur kostnaður sem hlaut af því, féll á Hjólaferðinni. Eins hefði verið rétt að gera undirritaðan samning við skólana um ábyrgð og viðbrögð við óvæntum aðstæðum eins við slys á nemendum, vitlaust veður, þátttökuábyrgð osfrv.

Hjólaferðinni og SEEDS sáu um leiðsögn, farangursflutning, innkaup, eldun á kvöldmat, snarli, morgunmat og nesti sem nemendur smurðu sjálfir fyrir heimferðina. Auk þessa heimsótti hjólakennari Hjólaferðinni nemendur í skólana til að undirbúa þá fyrir ferðirnar, oft með sjálfboðaliðum frá SEEDS.

Skólarnir fengu senda til sín gátlista í byrjun apríl til þess að senda nemendur með heim til þess að geta yfirfarið reiðhjól. Mikil áhersla var lögð á samvinnu heimila og skóla. Skólarnir voru heimsóttir tímanlega fyrir brottför í 80 mín. þar sem farið var yfir ferðabúnaðinn, pökkun, ástanda hjólanna og það að hjóla í hóp. Skólarnir voru hvattir til þess að fara í stuttar hjólaferðir með sína nemendur.

Hjólaferðinni í Bláfjöll var ætlaður 7 – 8 klukkustunda ferðatími með áningum og rólegri yfirferð. Veðrið setti stórt strik í 3 af þeim 4 ferðum sem farnar voru. Þá breyttist farangursflutningabíllinn óvænt í farpegaflutningabíl, stundum yfirhlaðinn. Gríðarlegur tilflutningur varð á hjólum með hjólakerrunni. Erfiðleikastigið á fyrri degi ferðarinnar reyndist svo hátt að allir vildu fara stystu leið til baka, svo það varð úr að nánast sama leið var farin fram og til baka og enginn fór í gegnum Hafnarfjörð og þá leiðina heim.

Það er lofsvert í raun, sá kjarkur sem þeir skólar sýndu, sem ákváðu að taka þátt í ævintýrinu. Af hverju ætti einhver skólastjóri að taka það í mál að fara með nemendur sína yfir höfuð út fyrir skólalóðina? Ábyrgð, erfiði og hættur eru alls staðar í kringum okkur.

Fyrir kjark þessara skólastjórnenda, kennara og nemenda sem komu að ævintýrunum með Hjólaferðinni vorið 2010 ber að þakka. Ávinningurinn er allra í samfélaginu ef okkur tekst að gera reiðhjól að almennara farartæki í daglegu lífi sem flestra landsmanna.

5. Útkoma

Ein ferðin fékk bara gott veður. Þá gekk allt vel. Einn sat í bílnum stuttan tíma; hann hjólaði yfir 60 km í ferðinni samt – var ekki hugað líf við fæðingu og var hin raunverulega hetja ferðanna. Í hinum ferðunum þremur var kolvitlaust veður á Bláfjallaafleggjaranum á leið í skálann. Gríðarlegir sviptivindar og mikið þjark. Fjölmargir gátu ekki hjólað og þeim var smalað í bíl og keyrðir í skálann. Hjólin týnd upp þegar mannskapurinn var kominn í hús. Fyrir skipuleggjendur ferðanna var líklega erfiðast að vera ekki með þaukunnugan bílstjóra á farangursbílnum – því hann endaði á því að vera svo margfalt meira notaður en gert var ráð fyrir í upphafi.

Fyrir mörgum varð ferðin í Bláfjöll afskaplega erfið. Ein móðir skrifaði langt og ítarlegt kvörtunarbréf vegna þess hvernig fór fyrir dóttur hennar í ferðinni. Það var í erfiðustu ferðinni. Sem var líka rosalega skemmtileg með frábærri kvöldvöku og samblönduðum hópi nemenda úr tveimur skólum. Aðrir foreldrar höfðu líka samband. Þeir voru stoltir af börnunum sínum og sáu hvað þau höfðu stækkað og mannast í þessari ferð, sem var þeim mörgum mesta raun sem þau höfðu tekið þátt í – og komust í gegn um.

Nemendur voru hvattir til að vera með símann sinn með í ferðinni til öryggis. Allir voru með númer hjá farastýru Hjólaferni, sem hafði fyrir því að ferðast með þrjá síma frá þremur símafyrtækjum, svo nemendur gætu hringt frítt í hana. Það var mikið hringt. Svo mikið að fararstýran lenti ævinlega aftast og rak lestina. Sem var líka ágætt. Það sem var ekki eins skemmtilegt með alla þessa síma, var stemmingin sem myndaðist í skálanum um kvöldið. Mikið um heimhringingar og foreldrar beðnir að koma og sækja. Án samvinnu við kennara skólanna. Eftir á að hyggja hefði alveg mátt sleppa öllum þessum sínum. Starfsmenn voru ævinlega fyrstir, um miðbikið og ráku lestina. Það fór enginn fram úr og varð enginn eftir. Eina sem gat farið illa, voru villur í borginni og á stígum Heiðmerkur.

Allir komust að lokum til sinna heima og voru hetjudáðir ótaldar af hálfu fjölmargra nemenda og starfsmanna. Í rauninni var skipulögð of löng og of erfið dagleið fyrir allmarga þá nemendur og kennara sem tóku þátt í ferðunum. Stytttri dagleiðir, fleiri stöpp og meiri leikur, eru líklega betur til þess fallin að örva jákvæða hugmyndir ungra Íslendinga um eigið ágæti í hjólaferðum. Þó þau hafi líka verið gríðarlega flott í þessari raun.



Því væri aðgangur að öðrum skálum, nær byggð, væntanlega betur til þess fallnir að halda áfram ævintýrinu. T.d. Lækjarbotnar, Silungapollur og Kaldársel. Það er ótrúlega gefandi og flott að sjá ungmennin gera sig klár á eigin ökutækjum og stíga af stað í ferðalag fyrir eigin orku.

6. Fjármögnunaráætlanir Bláfjallaævintýranna, heildaruppgjör.

Áður en nokkur kostnaðaráætlun leit dagsins ljós, ákvað verkefnastýra Hjólafærni að ferðin ætti að kosta lítið. Helst ekki neitt. Jafnvel svo ódýr að skólarnir gætu jafnvel boðið nemendum sínum allan pakkann.

Í kynningargögnum kom það strax fram að ef styrkir fengjust til verkefnisins, skyldu þeir nýttir til þess að greiða niður þátttöku nemenda. Ferðin var fyrst og fremst unnin af hugsjón og ákafa að styðja við þá sem vildu reyna þessa nýju leið til ferðalaga; tækifæri sem hefur legið vannýtt við bæjardyr Íslendinga um langan aldur.

Fyrsta verð til nemenda var 2.500 kr. Inn í það reiknaðist leiðsögn, gisting, farangursflutningur, hádegismatur, kvöldmatur og morgunmatur. Síðan kom Velferðarsvið Reykjavíkur og bauð okkur styrk til að greiða niður hjólaleigu svo hjólaskortur illra staddra nemenda yrði ekki ástæða til þess að fara ekki með í ferðina. Einnig bauð Velferðarsjóður Barna styrk fyrir gistingu nemendanna. Á þeim tímapunkti voru 280 nemendur skráðir í ferðirnar og nam því styrkurinn 300.000 kr. Við þann styrk var ákveðið að lækka þátttökugjald nemenda í 2.000 kr. en bjóða þeim í staðinn að smyrja sér nesti til heimferðarinnar í Bláfjallaskálanum að loknum morgunmat.

Að lokum var kostnaður og innkoma eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Óvæntasti kostnaðarliðurinn kom til af öllum þeim gríðarlega akstri sem að ferðirnar útheimtu en ánægjulegast er þó að geta greitt nokkur laun til starfsmanns Hjólafærni eftir að allir útistandandi reikningar eru fullgreiddir.

Kostnaðaráætlun, vor 2010	
Sundurliðun:	Í þús. kr.
a) 800 gistingar í Breiðabliksskála á 1500 kr	1200
b) fæði fyrir 800	972
c) bensín v. trúss, 20 ferðir á 3000 kr.	60
d) laun og launatengd gjöld í 3 mánuði	1800
e) 100 merkt merkivesti, 4x25 litir	100
f) fyrsta hjálp námskeið, Rauði krossinn	100
g) Verkfæri og búnaður	100
h) Hjólreiðakostnaður	200
Samtals:	4532

Fjármögnunaráætlun, vor 2010		
Sundurliðun		Í þús. kr.
a) 800 gistingar, afsláttur Breiðablik 500 kr.		400
b) Eigið fé, laun		300
c) þátttökugjald, 800 nem á 2.500 kr.		2000
	Samtals:	2700
Styrkumsóknir	óskir í þús. kr.	Samþykkt
Orkusjóður	700	700
Umhverfissráðuneytið	700	0
Velferðarsjóður barna	100	300
Lýðheilsusjóður	800	0
Forvarnarsjóður	500	200
Samtals	2800	1200

Kostnaðarliðir	Raunkostnaður	Greiðandi	Fjárhæð
190 gistinætur	190.000 kr.	Velferðarsjóður barna	300.000 kr.
Fæði fyrir 210 manns, starfsmenn og nemendur	192.512 kr.	Þáttökukostnaður nemenda, 190 * 2.000 kr.	380.000 kr.
Eknir 1400 km á 99 kr.	138.600 kr.		
Launakostnaður í 3 mánuði	1.800.000 kr.	Eigið framlag Sesselju T. 420.000, Orkusjóður 700.000	1.120.000 kr.
Verkfæri og búnaður	100.000 kr.	Hjólafærni á Íslandi	100.000 kr.
Hjólaleiga vegna hjólalausra nemenda	75.000 kr.	Velferðarsjóður Reykjavíkur	200.000 kr.
Samtals	2.496.112 kr.	Samtals	2.100.000 kr.

7. Bláfjallaævintýrin - horft til framtíðar

Léttar og skemmtilegar hjólaferðir og ævintýri eru við allra hæfi – eða lang flestra. 25 km dagsleið er mun viðráðanlegri hjólaferð með skólahóp en þeir 40 sem lagt var upp með í Bláfjallaævintýrunum. Því væri aðgangur að öðrum skálum, nær byggð, betur til þess fallnir að halda áfram ævintýrinu. T.d.

Lækjarbotnar, Silungapollur og Kaldársel. Það er ótrúlega gefandi og flott að sjá ungmennin gera sig klár á eigin ökutækjum og stíga af stað í ferðalag fyrir eigin orku. Þau geta það; það er okkar eldri að hvetja þau til þess og skapa þeim tækifæri.

Óskastaðan væri samhent átak á Höfuðborgarsvæðinu þar sem skólarnir gætu treyst á þrautþjálfað starfsfólk sem styddi ferðirnar. Ferðirnar kalla á leiðsögumann – fyrstu árin og fylgd sem hefur einhverja þekkingu á hjólaviðgerðum. Eins væri matráður á áfangastað, frábær þjónusta. Enn þarf farangursflutning og þar þarf staðkunnugur bílstjóri að vera undir stýri. Skemmtilegra væri þó ef Hjólafærni á Íslandi gæti boðið öllum hjólatöskur undir eigin farangur svo allir geti kynnst því að ferðast óháð vélknúnum farartækjum.

Áherslan er áskorun, sjálfbærni, umhverfisvæni, lýðheilsa, kostnaðarvænn ferðamáti, frelsi og gleði til að njóta. Nú er búið að gera þetta einu sinni – og þetta er hægt en... ferðirnar þurfa að vera léttari og betur mannaðar staðkunnugum. Það væri ánægjulegt ef menntasvið Höfuðborgarsvæðisins kæmu til samstarfs við Hjólafærni á Íslandi og framboðið væri sem fyrst, sjálfsagður og eðlilegur hluti af starfi hvers skóla.

Allir sem studdu og komu að því að þessar ferðir urðu að veruleika, fá heilshugar þakkir Hjólafærni á Íslandi. Þá hlaut verkefnið viðurkenningu Foreldraverðlauna Heimili og skóla 2010. Það var bæði gott og gaman. Takk.

8. Heimasíður og fylgiskjöl

www.hjolfærni.is Heimasíða Hjólafærni á Íslandi

<http://www.seedsiceland.org/index-is.html> Heimasíða SEEDS á Íslandi

http://www.breidablik.is/frettir.php?id_teg=6 Heimasíða skíðadeildar Breiðabliks

www.vefsmidjan.is/waldorf/ Heimasíða Waldorfskólans í Lækjarbotnum

www.heidmork.is Heimasíða Skógræktar Reykjavíkur


Kynning á Bláfjallaævintýrunum – sent til skólastjóra: Bláfjallaævintýrin á vordögum 2010

Gátlisti um búnað reiðhjóla – sent til þátttökuskóla í byrjun apríl, **viðhengi**.

Pökkun fyrir hjólaferð – deilt til nemenda og kennara 10 dögum fyrir brottför, **viðhengi**.

Hvatning til undirbúnings fyrir hjólaferðina – tölvupóstur til kennara, **viðhengi**.

Bláfjallaævintýrin á vordögum 2010



Bláfjallaævintýrin 3. maí – 8. júní 2010

Á vori komanda bjóðum við skólum á Höfuðborgarsvæðinu að þiggja leiðsögn og stuðning í hjólaferð frá Höfuðborgarsvæðinu um Heiðmörk og Lækjarbotna í Bláfjöll og gist þar í skála Breiðabliks í 200 m h.y.s. Leiðin sjálf er í kringum 80 km, síðan ræðst það af legu skólanna, hvort eitthvað bætist við þá tölu.

Þetta eru fyrirhugaðar dagsetningar:

3. – 4. maí	6. – 7. maí	10. – 11. maí	17. – 18. maí	20. – 21. maí	25. – 26. maí
27.-28. maí	31. – 1. júní	3. – 4. júní	7. – 8. júní		

Allt að 80 nemendur á unglíngastigi geta tekið þátt í hverri ferð ef skólinn getur lagt til einn kennari fyrir hverja 20 nemendur. Á móti hverjum kennara kemur einn sjálfboðaliði frá Evrópu, honum til stuðnings. Auk þess verður einn skipulagsfararstjóri og tveir sem flytja trúss og sjá um mat og skálaumgengni.

Skipulag ferðanna er fyrirhugað á þessa leið:

Skóli sem hefur ákveðið að vera með í ferð 3. – 4. maí, fær sendan gátlista í byrjun apríl til þess að senda nemendur með heim svo þeir geti yfirfarið reiðhjólíð. Áhersla lögð á samvinnu heimila og skóla. Fararstýra Bláfjallaferðanna, Sesselja Traustadóttir – [Hjólafærni á Íslandi](#), heimsækir skólann eigi síðar en á miðvikudeginum í vikunni fyrir ferð; 28. apríl kl. 8.30 og hittir nemendur og kennara í 80 mín. Farið yfir ferðabúnaðinn, pökkun og ástanda hjólanna. Ræðir einnig við nemendur um ferðalög á hjólum í hóp, skyldur og ábyrgð. Hópar verða litskiptir og hver hópur allt að 20 í sama lit. Bekkir hvattir til þess að hjóla saman í klukkutíma í nágrenni skólans til þess að finna taktinn.

Kl. 8.10 á brottfarardag koma fararstjóri, sjálfboðaliðar [SEEDS](#) og trússbíll í skólann. Nemendur setja þangað svefnpoka, smá snarl og nesti til seinni dagsins og smátt eitt í viðbót (eina tösku á mann). Trússinn fer beint í Bláfjöll.

Kl. 9 er hjólað frá skólanum. Stefnt í Heiðmörk. Áning hjá [Skógrækt Reykjavíkur](#) í Elliðabænum kl. 10. Heitt kakó handa ferðalöngum, sem snæða morgunnestið sitt.

Hjólað áfram um bláa fræðslustíginn í Heiðmörkinni. Skipt um leið við Vígsluflötina og stefnt á þjóðveg nr. 1 við Silungapoll. Þaðan verður hjólað eftir Suðurlandsvegi 1500 m á vegöxl þar til stefnan er tekin á Lækjarbotna.

Kl. 12.30 er áætlað að fyrstu nemendurnir séu að skila sér í skemmu [Waldorfskólans í Lækjarbotnum](#). Þar verða bakaðar pitsur handa ferðalöngum og áð í klukkustund. Síðustu nemendur ættu að fara þaðan um kl. 14.

Frá Lækjarbotnum er farið um gamla Suðurlandsveginn upp að Menningarvitanum. Stutt áning þar. Síðan eru eftir 10 km á fótinn upp að Breiðabliksskálunum. Og þá eru alveg brattar brekkur. Þessi ferð getur tekið allt að tveimur tímum. Fyrstu nemendur ættu að koma í [Breiðabliksskálann](#) kl. 16.30.

Kvöldmat – kjötsúpa, ostur og brauð.

Kvöldvaka á vegum skólanna; sönghefti, gítar og spil verða til staðar.

Hvíld kl. 23.

Ræs kl. 8.30. Hafragrautur í morgunmat, ostur og brauð. Tiltekt og frágangur; sett á trússbílinn kl. 10.30. Hópar leggja af stað á sama tíma. Leiðin er greið að afleggjaranum til Hafnarfjarðar. Þar þjöppum við hópnum saman. Hjólað og hjólað, lengi, lengi.

Áning kl. 13 í [Hellisgerði](#) í 30 mín. Lagt af stað aftur um Hafnarfjarðarveg. Farið um ströndin í Sjálandshverfinu. Ýmist farið Kársnesið eða upp Kópavoginn til baka heim í skólana. Komið á skólalóðirnar í síðasta lagi kl. 16.

Hámarksverð á hvern nemenda er 2.500 kr. Verið er að leita styrkja til niðurgreiðslu ferðarinnar. Kostnaður nær yfir gistingu, hádegishressingu, kvöldmat og morgunmat. Leiðbeiningar fyrir ferð, trúss og leiðsögn. Frítt fyrir kennara.

Þetta ævintýri er samvinna nokkurra aðila:

Hjólafærni á Íslandi, www.hjolafaerni.is – tengiliður Sesselja Traustadóttir verkefnastýra s. 864 2776 sessy1203@gmail.com

Seeds, www.seedsiceland.org – tengiliður Anna Lúðvíksdóttir anna@seedsiceland.org

Breiðablik, www.breidablik.is – tengiliður Bergþór Kárason, s. 898 1003 beggok@simnet.is

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum, www.vefsmidjan.is/waldorf/ - tengiliður Þóra Tómasdóttir thoratomasd@gmail.com

Skógrækt Reykjavíkur, www.heidmork.is – tengiliður Helgi Gíslason helgi@skograekt.is

Markmiðið með ferðunum er að opna augu nemenda fyrir eigin getu og orku til þess að kanna sitt nærumhverfi og uppgötva fegurðina sem býr í bæjarhlaði borgarinnar. Ferðin á að vera ódýr, jafnvel svo ódýr að skólar hugleiði að bjóða nemendum frítt í ferðirnar. Og þetta á líka að vera jákvæð – svolítið erfið – en ánægjuleg upplifun ☺

Bókanir í ferðirnar hefjast 1. mars í s. 864 2776 eða með tölvupóst í sessy1203@gmail.com svo nú er um að gera að skoða dagatalið og sjá hvenær best er að skella sér með í ferð!!

Sesselja Traustadóttir

Verkefnastýra Hjólafærni á Íslandi
s. 864 2776